

Sent í samráðsgátt

Reykjavík, 2. ágúst 2022

Innviðaráðuneytið
Samgönguskrifstofa

Efni: Umsögn um áform um framvarp til laga um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu og rekstur samgönguinnviða, 130. mál

Bændasamtök Íslands vilja í fyrstu vekja athygli á því að mál þetta er til umsagnar dagana 19. júlí til 2. ágúst en á þeim tíma eru stjórnslan falið og mörg fyrirtæki og samtök með lokað vegna sumarleyfa. Samtökin taka því undir þá athugasemd sem fram kemur í umsögn Fjallabyggðar um málið að það veki furðu að slíkt mál sé kynnt í samráðsgátt um mitt sumar. Raunar vekur furðu hversu mörg mál hafa verið færð til umsagnar á síðustu vikum með lokafresti fyrir eða á fyrstu virku dögum eftir verslunarmannahelgi. Er þess því óskað að stjórnarráðið taki til endurskoðunar verkferla varðandi birtingu mála í samráðsgátt en rétt væri að miða við að mál í samráðsgátt væru ekki með lokafresti á tímabilinu 1. júlí til 7. ágúst ár hvert þegar sumarleyfistími stendur hvað hæst.

Víkur þá að því máli sem Innviðaráðuneytið hefur hér fært til samráðs þ.e. áform um frumvarp til laga um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu og rekstur samgönguinnviða.

Almennt má segja um jarðgöng að þau séu hluti af nauðsynlegum innviðum, þau tengist öryggi vegfaranda og að þau séu í mörgum tilfellum eina trausta flutningsleiðin fyrir nauðsynjar. Þá eru jarðgöng í sumum tilfellum eini kostur íbúa. Því er mikilvægt að þegar áform eru uppi um slíka grundvallarbreytingu á innheimtukerfi skatta af umferð sem lýst er í þeim skjölum sem birt voru í samráðsgáttinni að gerð sé grein fyrir öllum þeim áhrifum sem slík breyting getur haft á byggðastefnunna, en þeirri stefnu er ætlað að efla samkeppni byggða um land allt.

Telja Bændasamtök Íslands því að stíga verði varlega til jarðar í þessum efnunum og sé miðað við þær upplýsingar sem birtar hafi verið með máli þessu í samráðsgáttinni megi ætla að mikil vinna sé óunnin hjá ráðuneytinu við greiningu og mat á því hver raunveruleg áhrif slíkrar gjaldtöku verði á hinar dreifðari byggðir. Jafnframt gera samtökin eftirfarandi athugasemdir:

Í fyrsta lagi segir í 3. tl. C liðar mats á áhrifum lagasetningar er varðar áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni að áformin hafi ekki áhrif á samkeppnisskilyrði. Telja verður óumdeilt að það að hefja gjaldtöku í öllum jarðgöngum á landinu muni hafa gríðarleg neikvæð áhrif á samkeppnishæfni margra byggðarlaga sem byggja lífsviðurværi sitt á samgöngum á landi um þau jarðgögn.

Í öðru lagi er gerð athugasemd við að í 4. tl. D liðar matsins um áhrif á byggðalög sé eingöngu minnst á að flýting mikilvægra samgönguinnviða muni hafa jákvæð áhrif á byggðalög. Ljóst er að gjaldtaka er einnig líkleg til að hafa verulega neikvæð áhrif en engin greining fylgir áformum þessum þar sem borin eru saman jákvæð og neikvæð áhrif gjaldtökunnar.

Í þriðja lagi er gerð athugasemd við 11. tl. D liðar matsins þar sem lagt er mat á áhrif mögulegrar lagasetningar á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa. Nú er það svo að flest ef ekki öll jarðgöng á

Íslandi hafa verið gerð til að færa samgöngur af hættulegum svæðum eða svæðum sem erfitt er að halda opnum sökum snjóá. Styttri leiðir eru síðan annar þáttur sem alla jafna næst fram með jarðgangagerð. Skýrt kom fram í 3. tl. C liðar matsins að gert væri ráð fyrir að hafin yrði gjaldtaka í öllum jarðgöngum en í 11. tl. D liðar kemur fram að metinatriði sé að notendur eigi jafnframt kost á annarri leið. Ekki verður séð að þetta tvennt fari saman.

Að því sögðu fagna Bændasamtök Íslands því að unnið sé að því að flýta mikilvægum samgöngubótum enda samgöngur hvort sem er á láði, legi eða lofti lífæðir hinna dreifðari byggða og mikilvægar áframhaldandi uppbyggingu öflugs og fjölbreytts atvinnulífs á Íslandi. Hinsvegar er tilviljanakennd gjaldtaka sem líkleg er til að hafa mest neikvæð áhrif þar sem síst skildi þó varla leiðin til að fjármagna slíkar framkvæmdir. Hvetja samtökin því stjórnvöld til að vinna að samræmdri og heildstæðri áætlun um gjaldtöku af umferð, í ljósi t.a.m. byggðastefnu, eflingu landbúnaðar og orkuskipta í umferð.

Að lokum vilja samtökin vekja athygli á því að í gildi eru lög nr. 97/2010 um stofnun hlutafélaga um vegaf framkvæmdir og því vart þörf á nýrri lagasetningu til að sækja heimild til stofnunar opinbers hlutafélags eða hlutafélaga um uppbyggingu og rekstur samgönguinnviða. Réttara væri að gera breytingar á lögum nr. 97/2010.

Verði þess óskað eru fulltrúar samtakanna reiðubúnir til frekari aðkomu að máli þessu til frekari umræðu og skoðanaskipta.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfr.